

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland hf. Benninghoven Færanleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	10.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. Benninghoven	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Sigþór Sigurðsson	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur / Heimir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit.

- Stöðuleyfi eða skriflegt samþykki landeigenda og sveitarfélags hefur ekki borist stofnuninni (gr. 1.2 og 3.11)
- Ryk í útblæstri var yfir losunarmörkum í síðustu mælingu (2021)(gr. 3.5).
- Ársyfirlit með samantekt á skráningum og mælingum ársins 2021 hefur ekki borist stofnuninni (gr. 4.5).

Umhverfisstofnun fór fram á:

- stöðuleyfi stöðvarinnar sé sent stofnuninni,
- listi yfir olúgeyma sem eru í notkun,
- ársyfirlit vegna ársins 2021,
- áætlun um frágang á svæðinu,
- niðurstöður rykmælinga,
- hljóðmælinga berist stofnuninni og
- tryggingaskírteini fyrir Benninghoven stöðin

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Steingrímur Bragason og Heimir Hafliðason frá Colas Ísland hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. - Benninghoven. Stöðin er nú staðsett í námum við Þorlákshöfn og starfsleyfið er frá 20. ágúst 2021. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnkerfi og úttektir vottunaraðila framkvæmdar í samræmi við það. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa stöðvarinnar í útblæstri.
- Olíumannvirki. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 20. ágúst 2021
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Benninghoven-stöðin var staðsett við Selhöfða í Fellum síðast þegar komið var í eftirlit í hana. Hún var færð til Þorlákshafnar þegar verkefnum á Héraði lauk. Stöðin var í gangi í fyrrihaust og aftur nú í vor og ekki hafa borist kvartanir vegna stöðvarinnar síðan hún kom til Þorlákshafnar, hvorki vegna hávaða né ryks (útblastursmála). Í starfsleyfi stöðvarinnar er krafa um að hún hafi stöðuleyfi og skal senda Umhverfisstofnun afrit af stöðuleyfinu (sjá gr. 1.2 og 3.11 í starfsleyfinu). Ef sveitarfélag telur ekki þörf á stöðuleyfi þá skal rekstraraðili senda stofnuninni skriflegt samþykki viðkomandi landeiganda og sveitarfélags fyrir stöðinni (sjá gr. 3.11). Stöðuleyfi eða sambærilegt hefur ekki borist Umhverfisstofnun og telst það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili ætlar að kippa því í liðinn og verður frávikinu lokað þegar afrit af gögnum berast stofnuninni.

Hávaðamælingar voru gerðar 15. júlí 2021 þegar stöðin var á Egilsstöðum. Farið er fram á nýjar mælingar verði gerðar við stöðina í Þorlákshöfn.

Útblástursmælingar voru gerðar í reykháfi stöðvarinnar þann 14. júlí 2021. Ryk í útblæstri mældist 140 mg/Nm³ (losunarmörk fyrir ryk eru 50 mg/Nm³) og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Hreinsivirki var yfirfarið og skipt um nokkra síupoka. Ekki er búið að mæla ryk aftur eftir viðgerðir en rekstraraðili segir það verða gert fljótlega. Aðrar niðurstöður mælinga reyndust í góðu lagi. Krafa er um árlega útblástursmælingu.

Engar kröfur eru gerðar til frárennslis frá stöðinni sjálfri en rotþró (lífræn hreinsistöð á siturlagna) er í frárennslis starfmannaaðstöðu.

2. Þrír olúgeymar eru við stöðina. Ekki allir þeir sömu og voru við stöðina á Egilsstöðum. Rekstraraðili tók að sér að ljúka skráningum á geymunum og koma upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

3. Í nýlegu (breyttu) starfsleyfi stöðvarinnar eru fjórar skriflegar áætlanir sem skulu liggja fyrir:

- a. áætlun yfir ráðstafanir sem gera þarf fyrir næsta flutning malbikunarstöðvarinnar
- b. áætlun sem miðar að því að hefta rykmengun frá starfseminni við óhagstæð veðurskilyrði.
- c. áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar
- d. viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (ef stöðin er staðsett nálægt sjó).

Í eftirlitinu voru áætlanirnar skoðaðar og tók fulltrúi rekstraraðila að sér að uppfæra áætlun sem liggja á fyrir um frágang á svæðinu þegar verki lýkur og stöðin verður flutt í burtu. Afriti af áætluninni skal skila til Umhverfisstofnunar enda skal áætlunin borin undir stofnunina (sjá gr. 1.5).

Samkvæmt gr. 4.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit hvers árs og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Enn hefur ársyfirlit Benninghoven -stöðvarinnar vegna ársins 2021 ekki borist stofnuninni og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Fulltrúi rekstraraðila tók að sér að vinna ársyfirlit síðasta árs og koma afriti af því til stofnunarinnar.

Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 er malbikunarstöðvum með færanlega staðsetningu ekki gert að færa Grænt Bókhald.

Vel er gengið um úrgangsefni og þau flokkuð.

Colas Ísland hf. fékk umhverfisstjórnunarkerfi sitt vottað í apríl 2017 og eins er allt malbik fyrirtækisins CE merkt.

4. Umhverfisstofnun ákvarðar tíðni eftirlita hjá rekstraraðilum út frá umhverfisáhættu sem metin er í hverju eftirliti. Þar sem matið byggir á samanburði á malbikunarstöðvum landsins þá liggur tíðni eftirlita hjá Benninghoven-stöðinni ekki fyrir fyrr en farið hefur verið í öll eftirlit ársins.

5. Fram kom hjá fulltrúum rekstraraðila að rekstur stöðvarinnar hefur gengið vel og engin mengunarslys né óhöpp orðið.

Skoðað var skírteini tryggingarfélags vegna bráðamengunartryggingar. Ekki kom fram á trygginarskírteini nr. 5989183 hverja af sex malbikunarstöðvum Colas væri verið að tryggja eða hvort tryggingin næði til allra stöðvanna. Rekstraraðila var bent á að fá greinarbetri tryggingarskírteini frá söluaðila tryggingarinnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í greinum 1.2 og 3.11	Stöðuleyfi eða skriflegt samþykki landeigenda og sveitarfélags hefur ekki borist stofnuninni
ákvæði í grein 3.5	Ryk í útblæstri var yfir losunarmörkum í síðustu mælingu (2021)
ákvæði í grein 4.5	Ársyfirlit með samantekt á skráningum og mælingum ársins 2021 hefur ekki borist stofnuninni.

ÁBENDINGAR

1. Umhverfisstofnun fór fram á að fá sendar hávaðamælingar í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða eftir að stöðin var flutt til Þorlákshafnar.
2. Rekstraraðili var bent á að ljúka skráningum á olúgeymunum og koma upplýsingum til Umhverfisstofnunar.
3. Rekstraraðila var bent á að á tryggingaskírteini því sem framvísað var kemur ekki fram hvaða starfsemi Colas Ísland hf. tryggingin nær til.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.07.2022



Gottskálk Friðgeirsson

